

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

III. HLUTI

Próflað 3 af 3

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Helstu tegundir verðbréfa og gjaldeyrir – Afleiðna og gjaldeyris (20%)

ATH. Próf í helstu tegundum verðbréfa er þrískipt. Sjá sérstök próflöð vegna **Hlutabréfa (40%)** og **Skuldabréf (40%)**

Prófdagur:

Miðvikudagur, 4. maí 2011

Kl.: 17:00-21:00

Úrlausnartími:

Alls 4 klst., allt prófið

Próflöð: 3 (þ.m.t. forsíða)

Leyfileg hjálpargögn:

Öll gögn leyfileg, þ.m.t. reiknivélar sem hafa textaminni og/eða er hægt að forrita. Fartölvunotkun óheimil.

Fylgiblöð: Engin.

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar, notaðu öll leyfileg hjálpargögn og farðu vandlega yfir úrlausnir þínar áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er hér átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs, í Reykjavík.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

1. Stundargengi á markaði er eftirfarandi:

$$\text{EUR/GBP} = 0,87 \quad \text{EUR/USD} = 1,445$$

Þriggja mánaða vextir á markaði eru eftirfarandi (samfelldir vextir á ársgrundvelli)

$$\text{EUR} = 1,25\%, \text{ GBP } 0,75\%, \text{ USD} = 0,85\%$$

Hvert er framvirkt gengi GBP/USD til 3 mánaða ef engin högnunartækifæri eru á markaði?
[3%]

2. Fyrirtæki gerði vaxtaskiptasamning (e. swap) við bankann sinn fyrir nokkru. Fyrirtækið greiðir fljótandi 6 mánaða vexti en fær frá bankanum sínum fasta 7,5% vexti (greiddir 6 mánaða fresti). Höfuðstóllinn er 100m. kr. Síðast þegar breytilegir vextir voru ákvarðaðir voru þeir 7,5%. Núna eru 15 mánuðir eftir af samningnum og fyrirtækið vill losa sig úr samningnum. Hver greiðir hverjum hvað ? [4%]

eingreiðsluvextir eru:

$$r_{3/12} = 5,5\%; r_{9/12} = 6\%; r_{15/12} = 6,5\%; r_{21/12} = 7\% \quad (\text{flatir vextir})$$

3. Gengi hlutabréfa í XYZ er 17 kr. pr. hlut. Söluáttur á 150 hluti til 1 árs með samningsverð 17 kr. pr. hlut kostar 120 kr. Flatir eingreiðsluvextir til eins árs eru 7%. Hvað kostar kaupréttur (fræðilega) á XYZ til eins árs með sama samningsgengi út frá þeim upplýsingum sem gefnar eru í dæminu? [3%]
4. Í dag eru 5 mánuðir síðan að gerður var framvirkur samningur til 10 mánaða á hlutabréf ABC hf. Gengi hlutabréfa ABC hf. fyrir 5 mánuðum síðan var 10 krónur pr. hlut og samfelldir 10 mánaða vextir á ársgrunni þá voru 12%. Arðgreiðslur voru þá einnig væntanlegar eftir 2 og 7 mánuði að fjárhæð 2 kr. pr. hlut (samfelldir vextir til 2 og 7 mánaða voru þeir sömu og til 10 mánaða). Í dag er stundargengið 8 kr. pr. hlut og samfelldir vextir til allra tímabila eru 12%. Hvert er virði framvirka samningsins, per hlut, í dag fyrir þann sem keypti framvirkt? [4%]
5. Hver er samanlagður hagnaður á hvern hlut á gjalddaga af eftirfarandi stöðum?
(Gerið ráð fyrir að kaup- og söluverð valréttá miðist við gjalddaga og stöður m.v. 1 hlut í hverju hlutabréfi) [2%]
- Þú selur kauprétt með samningsverð \$100 og færð greitt \$4. Stundargengi á gjalddaga er \$108
 - Þú kaupir kauprétt með samningsverð \$48 og greiðir \$2. Stundargengi á gjalddaga er \$53.

- c. Þú selur sölurétt með samningsverð \$30 og færð greitt \$5. Stundargengið á gjalddaga er \$25
- d. Þú tókst skortstöðu í framvirkum samningi með samningsverð \$90. Stundargengi á gjalddaga er \$92

6. Svarið eftirfarandi fullyrðingum rétt eða rangt (ekki er dregið frá fyrir rangt svar) Vægi sérhverrar fullyrðingar er 0,67% [4%]

	Fullyrðing	Rétt	Rangt
1	Mynd 1 má búa til með því að kaupa sölurétt með samningsgengi X og selja sölurétt með samningsgengi Y, þ.a. X stærra en Y		
2	Mynd 2 er langur söluréttur. Kaupir sölurétt og átt því rétt á að selja ákveðið magn af undirliggjandi á fyrirfram ákveðnu gengi á fyrirfram ákveðnum tíma		
3	Evrópskan sölurétt (e. European put) má nýta hvenær sem er á líftíma samnings .		
4	Stundargengi, framvirkt verð og flökt eru nokkrir af þeim þáttum sem hafa áhrif á verð valréttá		
5	K er gefið samningsgengi, S stundargengi Innra virði kaupréttar er $\max(0; K-S)$		
6	Pund er grunnmynt gagnvart evru. Evra er grunnmynt gagnvart dollara.		

